

Saga og framtíð vísindanna

I.

M argt er í sögu vísindanna býsna fróðlegt og mætti verða að miklum notum ef ræki-
legar væri hugleitt en gert er. Eru
þess mörg dæmi hve sljólega ýms-
um þeim nýjungum hefir tekið
verið í fyrstu, sem þó horfðu til
hinna mestu framfara. Þetta er
eitt. Maður hjét Rudolf Virchow
(Firk-) og var á sínum tíma tal-
inn einna fremstur þýskra lækna.
Þessum manni var einn dag send
læknisfræðileg ritgerð til stuðn-
ings og fyrirgreiðslu. Maðurinn,
sem sendi, var ókunnur læknir úti
á landi, en það var auðfundið að
hann hugði að ritgerðin mundi
vera mjög merkileg. En Virchow
var þá ekki alveg á því, taldi
þarna vera um óvísindalegan hug-
arburð að ræða og endursendi
sveitalækninum ritgerð sína með
ávítum og hvöt til að fást við
eitthvað vísindalegra. Hinum
mikla læknisfræðiprófessor skjátl-
aðist þó þarna ekki svo lítið, því
að þessi ókunni sveitalæknir hjét
Robert Koch, og átti fyrir hon-
um að liggja, að ennþá meira

þætti að honum kveða í sögu
læknisfræðinnar en jafnvel Virchow.
Er Koch oft nefndur ásamt
Pasteur, því að það var hann sem
í fyrsta lagi og með mestum ár-
angri tók upp og jók uppgötvun
hins franska vísindamanns á sýkl-
unum, þessum hryllilegu smáver-
um sem mörgum skæðum veikind-
um valda. Það er nóg fróðlegt að
veita því eftirtekt, að Pasteur, sem
svo miklu hefi valdið um fram-
farir læknisfræðinnar, var ekki sjálf
ur læknir, ekki einu sinni líffræð-
ingur, heldur efna- og steinafræð-
ingur. (Sbr. grein um Pasteur í
bók minni Ennýal). En á hinu
veginni var það fyrir öðrum af
frægustu vísindamönnum 19. ald-
arinnar, R. J. Mayer. Þar var
læknir sem gerðist einn af merki-
legustu brautryðjendum eðlisfræð-
innar. En ekki fór þó betur fyrir
honum í fyrstu, heldur en Robert
Koch. Mayer sendi útgefanda mjög
þekts tímarits um eðlisfræði og
efnafræði (Poggendorffs Annalen
der Physik und Chemie) ritgerð,
sem hann sjálfur taldi mjög þýð-

ingarmikla. En Poggendorff taldi ritgerð þessa svo ómerkilega, að hann svaraði ekki höfundinum, og virti hann ekki einu sinni þess, að endursenda honum ritgerð sína, hversu sem hann leitaði eftir. Tókst þessum mikilsmetna vísindaritstjóra þannig að tefja mik-ið fyrir Mayer, þó að ekki tækist honum að koma í veg fyrir að nafn þessa læknis, sem slöku hafði slegið við læknisfræðinni, varð eitt af stóru nöfnunum í sögu náttúruvísindanna.

II.

Svo óglöggskygnir hafa ýmsir þeir menn reynst um framfaramál vísindanna, sem þó höfðu fengið upp í hendurnar ritgerðir sem reyndust upphaf nýs framfaratímabils í vísindunum. Er þá síður láandi, þó að mönnum, sem ritað hafa sögu vísindanna og reynt að giska á hvað framtíðin bæri í skauti sínu, hafi miður tekið. Einsog T. d. Whewell, sem ritaði mikla bók um sögu náttúruvísindanna á þeim árum er Darwin var að undirbúa rit sitt um

uppruna tegundanna. En ekki kvað í bók Whewells koma fram nokkur vottur af grun um þá stórkostlegu framfaraöldu sem reis með hinu fræga riti Darwins. Og svipað þessu má segja um nýtt rit, sem jeg hefi sjeð, og heitir Science in a Hundred Yards, eftir Furnas, mann sem virðist vera mjög vel að sjer, og reynir til að giska á hverjar muni verða helst framfarir í náttúrufræði á næstu hundrað árum. Leyfi jeg mér að

fari nokkuð líkt og Whewell bókinni sem jeg gat um. Hann hefir ekki grun um það sem mes mun kveða að og helst verður til framfara í vísindum á næstu hund-að árum. En það er það, að líffræðin mun verða sett í samband við stjörnufræðina, og gerðar þær uppgötvunarir sem munu auka og bæta vísindin um lífið nokkuð líkt, en þó á ennþá miklu stórfeldari hátt en uppgötvun rafmagns og rafsegulafis, varð til að hefja nýja framfaraöld í eðlisfræði.

18. febr.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 2. apr. 1940